

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 19. júlí kl. 09:18, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 737. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Lilja Grétarsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir og Ingvar Jón Bates Gíslason.

Ritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

## Þetta gerðist:

- Freyjubrunnur 7-9, Breyting - kjallara** (02.695.703) Mál nr. BN055474  
Skjalnr. 12157  
Guðlaug Þorkelsdóttir, Freyjubrunnur 9, 113 Reykjavík  
Margrét Indíana Guðmundsdóttir, Miðhús 31, 112 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. júlí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta kjallara í parhúsi á lóð nr. 7-9 við Freyjubrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019.  
Stækkun: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.000  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019 samþykkt.*
- Gefjunarbrunnur 10, breyting á skilmálum** (02.695.4) Mál nr. SN190417  
Skjalnr. 14151  
*deiliskipulagi*  
700316-0250 Noland Arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík  
Vígundur Laxdal Sverrisson, Leirvogstunga 10, 270 Mosfellsbær  
Lögð fram umsókn Noland Arkitekta ehf. dags. 11. júlí 2019 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulag Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 10 við Gefjunarbrunn. Í breytingunni felst að skipta megi húsinu upp lóðrétt í tvær íbúðir í stað lárétt, samkvæmt tillögu Noland Arkitekta ehf. dags. 10. júlí 2019.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Gefjunarbrunni 6, 8, 12, 14, 16 og 18.*  
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7.6. gr. gjaldskrár skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018. Veittur er afsláttur af gjaldskrá skv. 12. gr.*
- Jórufell 2-12, (fsp) staðsetja sorpskýli á lóð** (04.685) Mál nr. SN190413  
Skjalnr. 13114  
*o.fl.*  
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík  
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. júlí 2019 var lögð fram fyrirspurn Þorkels Magnússonar dags. 9. júlí 2019 ásamt bréfi dags. 9. júlí 2019 varðandi sorpskýli á lóð nr. 2-12 við Jórufell, fjölda bílastæða fyrir hreyfihamlaða og breyttan fjölda bílastæða, samkvæmt skýringargögnum Kanon arkitekta ehf. dags. 9. júlí 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019 samþykkt.*

4. **Lyngháls 2, (fsp) varðandi byggingu á** (04.326.4) Mál nr. SN190396  
*léttbyggðu skýli á lóð* Skjalnr. 9437  
 590517-1270 Jökulberg ehf., Borgarbraut 74, 310 Borgarnes  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 var lögð fram fyrirspurn Jökulbergs ehf. dags 13. júní 2019 varðandi byggingu á léttbyggðu skýli á lóðinni nr. 2 við Lyngháls ásamt teikningum Límtré Vírnets ódags. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019 samþykkt.*
5. **Mjöllnisholt 6, Breyting inni og á þaki** (01.241.013) Mál nr. BN055248  
 Skjalnr. 5248  
 461212-1740 Arctic Tours ehf., Hagamel 34, 107 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. júlí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053561 þannig að eldhúsi og svefnherbergi er víxlað á 2. og 3. hæð og yfirborðsefni þaks verður ásoðinn þakdúkur í stað járnslát á fjölbýlishúsi á lóð nr. 6 við Mjöllnisholt. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019.  
 Stækkun x,xx , x,xx Gjald kr. 11.000  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019 samþykkt.*
6. **Skúlagata 26, 28 og 30, breyting á** (01.154.3) Mál nr. SN190393  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 5244  
 710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. júlí 2019 var lagt fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags 26. júní 2019, varðandi breytingu á deiliskipulagi vegna lóðanna nr. 26, 28 og 30 við Skúlagötu. Í breytingunni fyrir Skúlagötu 26 felst stækkun byggingarreits og lóðar, breytt aðkoma, endurskoðun hæða, hækkun húss úr 60 metrum í 66,5 metra, hækkun á leyfilegri hæð tæknirýma yfir sjávarmáli úr 63 m.y.s. í 65 m.y.s., heimild fyrir einstaka útlits- og vinduppbrostengda byggingahluta að ná út fyrir byggingalínu og flutning á spennistöð úr inngarði út að Vitastíg. Í breytingum fyrir Skúlagötu 28 eru flóttastigar betur skilgreindir á uppdrætti. Bílastæða- og hjólaerfur breytast skv. skilmálum á öllum lóðum samkvæmt uppdrætti T.ark Arkitekta ehf. dags 20. júní 2019 síðast breytt 17. júlí 2019. Lagt fram samþykki/umboð eigenda Skúlagötu 26, 28 og 30 dags 5. júlí 2019 og samgöngumat Eflu dags 15. júlí 2019. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
7. **Bergstaðastræti 29, Nýbygging** (01.184.413) Mál nr. BN055324  
 Skjalnr. 13336  
 Guðmundur Aðalsteinsson, Danmörk, Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til byggja mhl. 02 sem er tveggja hæða steinsteypt íbúðarhús á lóð nr. 29 við Bergstaðastræti.  
 Stærð mhl.02: 226,7 ferm., 682,4 rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. janúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Bergstaðastræti 27, 27B, 31 og 31A og Óðinsgötu 16, 16B, 18B, 18C og 20A frá 5. nóvember 2018 til og með 3. desember 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Húseigendafélagið f.h. Telmu Hrund Jóhannesdóttur dags. 29. nóvember 2018, Brynja Aðalsteinsdóttir dags. 30. nóvember 2018, Berglind Sigurðardóttir f.h. eigenda að Bergstaðastræti 31A og Helga Berglind Atladóttir og Bjarni Már Bjarnason dags. 1. desember 2018, Sigurður Atli Atlason dags. 2. desember 2018 og Halldóra Jónsdóttir, Sigurður Páll Árnason, Ísold Jakobsdóttir og Benedikt Óttar Snæbjörnsson dags. 3. desember 2018. Gjald kr. 11.000  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

8. **Engjasel 70-86, 70-72 - Klæðning -** (04.947.303) Mál nr. BN056391  
*gluggabreyting - breyting á svölum o.fl.* Skjalnr. 14156  
 700408-0430 Engjasel 70-72, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að klæða norðvestur gafli og suðvestur- og norðausturhlíð, með sléttri áklæðningu, setja opnanleg gluggafög í stigagang og íbúðir á norðvesturhlíð, breyta veltigluggum, setja svalahurðir í stað glugga á suðvesturhlíð jarðhæðar ásamt því að skipta steypum svalahandriðum út með léttum ál-gler handriðum á fjölbýlishúsi nr. 70-72 á lóð nr. 70-86 við Engjasel.  
 Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 24. júní 2019, dagskrá, mætingarlisti og fundargerð frá fundi Húsfélags Engjases 70-72 dags. 9. maí 2019, og umboð íbúðareiganda dags. 5. maí 2019. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
9. **Hólmaslóð 6, breyting á deiliskipulagi** (01.111.4) Mál nr. SN190402  
 Skjalnr. 14125  
 420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 var lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 28. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar Örfirisey vegna lóðarinnar nr. 6 við Hólmaslóð. Í breytingunni felst breyting á þakflötum í þaksvalir samkvæmt deiliskipulagsuppdraetti ASK Arkitekta ehf. dags. 28. júní 2019. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
10. **Hörgshlíð 10, Forsteypt bílageymsla** (01.730.105) Mál nr. BN054953  
 Skjalnr. 13999  
 Torfi G Yngvason, Hörgshlíð 10, 105 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílageymslu með forsteyptum sökklum og samlokueggjum ásamt geymslu og snyrtingu á lóð nr. 10 við Hörgshlíð. Einnig eru lagðir fram aðaluppdraettir Al-hönnunar ehf. dags. 15. júní 2019 og skuggavarpsuppdraettir dags. 16. júlí 2019.  
 Stærð mhl. 02: 100,4 ferm., 372,8rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019. Gjald kr. 11.000 Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Hörgshlíð 8, 12, 14.*  
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkvæmt gr. 8.1. í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
11. **Laugavegur 145, breyting á deiliskipulagi** (02.221) Mál nr. SN190295  
 Skjalnr. 13328  
 531200-3140 Teiknistofa ark Gylfi G/fél ehf, Vegmúla 2, 108 Reykjavík  
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Jóhanns Einars Jónssonar dags. 15. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Laugavegs 143-145 vegna lóðarinnar nr. 145 við Laugaveg. Í breytingunni felst að kröfu um fjölda bíla- og hjólastæða er breytt til samræmis við samþykktar reglur um bíla- og hjólastæði í Reykjavík, samkvæmt uppdr. Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. dags. 10. maí 2019 br. 23. maí 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 19. júní 2019 til og með 17. júlí 2019. Engar athugasemdir bárust.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*

12. **Sturlugata 8, Stækkun á útisvæði - grindverk** (01.633.501) Mál nr. BN056440  
Skjalnr. 6906  
420104-2350 Vísindagarðar Háskóla Ísl ehf., Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. júlí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að stækka útisvæði og girða af með 4 m hárrí girðingu, koma þar fyrir sjö færanlegum gáma(hús)einingum með uppsettum tölvubúnaði og fjölga kælitækjum á lóð nr. 8 við Sturlugötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019.  
Gjald kr. 11.200  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019.*
13. **Grandavegur 35, (fsp) lóð í fóstur/stækkun** Mál nr. SN190431  
*lóðar* Skjalnr. 8192  
Björn Þór Sigbjörnsson, Grandavegur 35, 107 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Björns Þórs Sigbjörnssonar og Ástríðar Þórðardóttur dags. 9. júlí 2019 um að taka borgarland við norðurenda lóðarinnar nr. 35 við Grandaveg og búið er að girða af í fóstur eða stækka lóðina sem því nemur.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
14. **Elliðabraut 12-22, (fsp) djúpgámar við** (04.772.7) Mál nr. SN190400  
*fjölbylishús* Skjalnr. 13145  
Hermann Georg Gunnlaugsson, Barmahlíð 43, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 var lögð fram fyrirspurn Hermanns Georgs Gunnlaugssonar dags. 27. júní 2019 varðandi djúpgáma við fjölbylishús. Einnig lagt fram bréf dags. 26. júní 2019 og uppdrátt Teiknistofunnar Storð dags. 26. júní 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019.*
15. **Brautarholt 18 og 20, lóðabreyting** (01.242.2) Mál nr. SN190441  
Skjalnr. 5159  
Lagður fram lóðauppráttur dags. 19. júlí 2019. Lóðaruppráttur þessi byggir á: Mæliblaði sem var síðast útgefið þann 09.06.1986.  
Sérupprætti frá 27.10.2007 vegna sameiningar lóðanna Skiphólts 15 og 17a. Samþykkt skipulags- og samgönguráðs þann 14.08.2019.  
Lóðauppráttur þessi öðlast gildi (ígildi mæliblaðs) þegar þegar byggingarfulltrúi hefur samþykkt hann, og þegar honum hefur verið þinglýst fyrir lóðirnar Brautarholt 18 og 20.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
16. **Bauganes 1A, (fsp) varðandi færslu á** (01.672.0) Mál nr. SN190392  
*innkeyrslu* Skjalnr. 8792  
Einar Sævarsson, Bauganes 1A, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 var lögð fram fyrirspurn Einars Sævarssonar dags. 26. júní 2019 varðandi færslu á innkeyrslu á lóðinni nr. 1A við Bauganes. Einnig lagt fram undirskriftarlista nágretta umsækjanda þar sem aðilar lýsa yfir samþykki sínu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019.*

17. **Reynimelur 44, Breyta bílskúr í stúdíóíbúð** (01.540.118) Mál nr. BN056421  
*0101 mh.02* Skjalnr.  
Sigurður Arnór Hreiðarsson, Höfðagata 11, 340 Stykkishólmi  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. júlí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta eignarhluta 0101 í matshluta 02 og er í eigu íbúðar 0201 í stúdíóíbúð og loka bílskúrshurð með gluggum og timburklæðningu á bílskúr á lóð nr. 44 við Reynimel. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019.  
Gjald kr. 11.200  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019.*
18. **Veltusund 3B, (fsp) varðandi breytingu á** (01.140.2) Mál nr. SN190408  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 9504  
490911-1540 HALAL ehf., Veltusundi 3b, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 var lögð fram fyrirspurn HALAL ehf. dags 2. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar á lóðinni nr. 3b við Veltusund. Breytingin felur í sér aukið byggingarmagn á 3. hæð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019.  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019.*
19. **Barðavogur 30, (fsp) breyting á notkun** (01.442.1) Mál nr. SN190430  
*bílskúrs* Skjalnr. 14154  
Eva Sólveig Þórðardóttir, Barðavogur 30, 104 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Evu Sólveigar Þórðardóttur dags. 15. júlí 2019 um breytingu á notkun bílskúrs á lóð nr. 30 við Barðavog í íbúð.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
20. **Básendi 12, Bílskúr** (01.824.015) Mál nr. BN056156  
Sveinn Óskar Þorsteinsson, Brúnastaðir 59, 112 Reykjavík Skjalnr. 11581  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr við fjölbýlishús á lóð nr. 12 við Básenda. Stærð: 64,2 ferm., 200,4 rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
21. **Stýrimannastígur 9, (fsp) innkeyrsla á lóð** (01.135.3) Mál nr. SN190420  
Magnús Jón Björnsson, Stýrimannastígur 9, 101 Reykjavík Skjalnr. 11181  
Lögð fram fyrirspurn Magnúsar Jóns Björnssonar dags. 11. júlí 2019 ásamt greinargerð dags. 11. júlí 2019 um að gera innkeyrslu á lóð nr. 9 við Stýrimannastíg svo unnt sé að hlaða rafmagnsbíl.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

22. **Landspítali Háskólasjúkrahús, breyting á** (01.198) Mál nr. SN190412  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 9942  
 Þorkell Magnússon, Laxatunga 1, 270 Mosfellsbær  
 Lögð fram umsókn Þorkels Magnússonar dags 9. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala Háskólasjúkrahúss. Í breytingunni felst að koma fyrir hringhraðli í niðurgrofnu rými/neðanjarðar á hæð K1 við suðurhlíð meðferðarkjarna utan byggingarreits, tengingangur á 5. hæð meðferðarkjarna frá þyrlupalli að bráðamóttöku er lengdur og stækkaður lítillaga til að tryggja betri tenginu þvert á deildir, koma fyrir nýjum byggingarreit neðanjarðar fyrir staðsetningu rofastöðvar Veitna við Barónsstíg, koma fyrir hjólaskýli norðvestan við Læknagarð við Njólagoðu og byggingarreitur bílastæðahúss nr. 31 við Burknagoðu er hliðrað til suðurs um 10 metra, samkvæmt uppdr. Spítal dags. 9. júlí 2019.  
*Vísad til skipulags- og samgönguráðs.*
23. **Skógarhlíð 22, Þóroddsstaðir, breyting á** (01.705.8) Mál nr. SN160912  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 7116  
 450406-0230 VERT ehf., Skógarhlíð 22, 105 Reykjavík  
 470498-2699 Hornsteinar arkitektar ehf, Ingólfsstræti 5, 101 Reykjavík  
 Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Hornsteina arkitekta ehf. mótt. 1. desember 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 22 við Skógarhlíð. Í breytingunni felst að skilgreina notkun lóðarinnar undir íbúðabyggð og heimila uppbyggingu húsnæðis sem tekur mið af formgerð Þóroddsstaða. Heimilt verði að byggja allt að 18 íbúðir á lóðinni, að hámarki 6 íbúðir í núverandi húsi (Þóroddsstöðum) og að hámarki 12 íbúðir í nýbyggingunni, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. janúar 2018. Einnig er lögð fram drög að greinargerð, ódags., umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 28. mars 2017 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 8. maí 2017. Tillagan var auglýst frá 26. mars 2018 til og með 7. maí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Anna Úrsúla dags. 26. mars 2018, undirskriftarlisti 12 aðila dags. 7. maí 2018 og Veitur dags. 7. maí 2018. Einnig er lagt fram bréf Karim Askari forstjóra stofnunar múslima á Íslandi dags. 6. apríl 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. júní 2018. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur Skipulagsstofnunar dags. 6. maí 2019 þar sem stofnunin áréttar að þar sem ekki er möguleiki á að birta auglýsingu um gildistöku skipulagsins innan árs frá því að skipulagsfresti lauk (sbr. 2. mgr. 42. gr. Skipulagslaga) þarf það að fara aftur í gegnum samþykktir og auglýsingu sbr. 41. gr. Tillagan var auglýst að nýju frá 31. maí 2019 til og með 12. júlí 2019. Eftirtaldir sendu athugasemd/umsögn: Veitur ohf. dags. 12. júlí 2019.  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*
24. **Haðaland 17-23, 19 - Breytingar - stækkun** (01.864.102) Mál nr. BN056455  
 Skjalnr. 10782  
 Yngvi Halldórsson, Haðaland 19, 108 Reykjavík  
 Linda Jónsdóttir, Haðaland 19, 108 Reykjavík  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og nýrri viðbyggingu til norðurs framan við bílgeymslu húss nr. 19 á lóð nr. 17-23 við Haðaland.  
 Stækkun: 74.1 ferm., 185.4 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*

25. **Hraunbær 103A, Ýmsar breytingar á stofni** (04.331.103) Mál nr. BN056349  
*BN054285* Skjalnr.  
 610786-1629 Dverghamrar ehf., Lækjarbergi 46, 221 Hafnarfjörður  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. júní 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054285 þannig að m.a. verði bætt við gluggum í eldhúsum tveggja íbúða og aðkomudyrum efstu íbúða fjölgað út á afgirt þaksvæði með öryggishandriðum, gluggar færðir til í eldhúsum nokkurra íbúða, skilveggjum á svölum og innveggjaþykktum breytt sem og gluggar í tveimur hjónaherbergjum fjarlægðir í húsi á lóð nr. 103a við Hraunbæ. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 19. júlí 2019.  
 Erindi fylgir minnkað afrit af teikningum hönnuða með afmörkun á umbeðnum breytingum og bréf hönnuðar dags. 24. júní 2019. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2019 samþykkt.*
26. **Heiðmörk, framkvæmdaleyfi** (08.1) Mál nr. SN190418  
 Skjalnr. 9424  
 501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík  
 Lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 11. júlí 2019 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu háspennulínu í Heiðmörk frá dælustöð V5 að dælustöð V13. Háspennustrengurinn kemur í stað háspennuloftlínu. Einnig er lagt fram teikningasett Veitna ohf. dags. 5. júní 2019.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2019.*
27. **Sævarhöfði 31 og 33, ósk um umsögn -** (04.021.4) Mál nr. SN190428  
*tímabundið starfsleyfi* Skjalnr. 14153  
 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
 Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 27. júní 2019 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Björgunar ehf. dags. 21. júní 2019 um tímabundið starfsleyfi til malar og sandnáms, efnisvinnslu og rekstur vélaverkstæðis að Sævarhöfða 33 og 31.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
28. **Teigahverfi, breyting á deiliskipulagi vegna** (01.360) Mál nr. SN190278  
*Kirkjuteigs 24* Skjalnr. 7911  
 570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
 Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 9. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 24 við Kirkjuteig. Í breytingunni felst að stækka núverandi byggingu leikskólans þannig að skólinn verði átta deilda leikskóli. Færanlegar kennslustofur við leikskólann verða fjarlægðar, sem og byggingarreitir fyrir þær. Um er að ræða byggingarreit fyrir allt að tveggja hæða byggingu að hluta til og verður hluti þaks á 1. hæð notað sem leiksvæði barnanna. Norðan megin við núverandi leikskólabyggingu verður gert nýtt leiksvæði og einnig við lóðamörk leikskólans í austur sem munu nýtast bæði börnunum í Laugarnesskóla og þeim sem eru á leikskólanum Hofi. Lóð leikskólans verður stækkuð til norðurs, samkvæmt deiliskipulag- og skýringarupph. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 8. maí 2019. Einnig er lagt fram heildaryfirlit lóða leikskólans og grunnskólans ódags. og minnisblað skóla- og frístundasviðs dags. 9. maí 2019. Tillagan var auglýst frá 31. maí 2019 til og með 12. júlí 2019. Engar athugasemdir bárust.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*
29. **Urðarbrunnur 32, breyting á deiliskipulagi** (05.054.6) Mál nr. SN190312  
 Skjalnr. 14015

Örn Helgason, Langagerði 120, 108 Reykjavík  
Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júní 2019 var lögð fram umsókn Magnúsar Jenssonar dags. 20. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 32 við Urðarbrunn. Í breytingunni felst að innkeyrsla sunnanmegin á lóð færist norðanmegin, samkvæmt uppd. Magnúsar Jenssonar dags. 20. maí 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til Skipulags- og samgönguráðs.*

30. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík, breyting á aðalskipulagi** Mál nr. SN170737  
Skjalnr. 5987  
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 15. júlí 2019 þar sem stofnunin gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst sbr. 31. gr. skipulagslaga, þegar tekið hefur verið tillit til athugasemda og ábendinga stofnunarinnar sbr. bréf.  
*Lagt fram.*
31. **Kirkjusandur, breyting á deiliskipulagi** (01.34) Mál nr. SN190411  
Skjalnr. 8642  
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
Lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 4. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kirkjusandi. Breytingin felst í því að lóðamörkum er breytt lítillaga til að íbúðarhús uppfylli kröfur um bílastæði innan lóðar samkvæmt uppdrætti ASK Arkitekta ehf. dags. 3. júlí 2019.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
32. **Síðumúli 21, (fsp) breyting á notkun** (01.293.2) Mál nr. SN190378  
Skjalnr. 12004  
Brynjólfur Nikulás Jónsson, Brekkulækur 4, 105 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Brynjólfs Nikulásar Jónssonar dags. 20. júní 2019 varðandi breytingu á notkun hússins á lóð nr. 21 við Síðumúla, fnr. 227-8409, úr skrifstofu í íbúðarhúsnæði eða hótél.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
33. **Kjalarnes, Esjumelar, breyting á deiliskipulagi** (34.2) Mál nr. SN190104  
Skjalnr. 10184  
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 9. júlí 2019 þar sem stofnunin getur ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsbreytingarinnar þar sem framsetning á uppdrætti er ekki í samræmi við gr. 5.8.5.3 í skipulagsreglugerð. Jafnframt þarf uppdráttur er sýnir gildandi aðalskipulag að vera í samræmi við framangreinda aðalskipulagsbreytingu.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:58.

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir